

Lög

um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61 26. maí 1997, með síðari breytingum.

1. gr.

4. málsl. 2. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Útboðnar einingar skulu leystar upp innan tíu ára eftir að þær eru boðnar út og rennur andvirði þeirra í stofnsjóð Nýsköpunarsjóðs.

2. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sjóðnum er einnig heimilt að leggja fé úr stofnsjóði í framtakssjóði með öðrum fjárfestum. Hlutdeild Nýsköpunarsjóðs í hverjum framtakssjóði má ekki vera meiri en 30% af sam-
anlögðu framlagi til framtakssjóðsins. Stjórn Nýsköpunarsjóðs er heimilt að semja við aðra aðila um vistun framtakssjóða eða tiltekna þjónustu þeim til handa.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 28. maí 2004.